

Jafnréttisstefna Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Það er stefna stjórnvalda á Íslandi að skólar séu reknir án aðgreiningar. Það þýðir að allir nemendur eiga að fá jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína til þátttöku í frjálsu samfélagi sem byggist á skilningi, umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti. Jafnrétti er ekki bara kynjajafnrétti heldur nær það til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætterni og þjóðernis. Jafnréttismenntun skal ná til allra ofangreindra þátta og koma fram í starfsháttum, inntaki og umhverfi skólans.

Í GF er lögð áhersla á ofangreind markmið í öllu starfi, bæði hvað varðar jafnan rétt kynjanna, sem og allra nemenda til náms og þroska. Uppeldisstefnan *Uppeldi til ábyrgðar* er leiðarljósið í daglegu starfi skólans þar sem áherslan er á fjölbreytileika einstaklinganna og að hver og einn læri að taka ábyrgð á sjálfum sér og virða rétt annarra. Með einstaklingsmiðuðu námi er reynt að mæta hverjum einstaklingi á hans eigin forsendum og aðstoða hann til náms og þroska. Samkennsla árganga styður við einstaklingsmiðað nám innan skólans. *Olweusaráætlun* gegn einelti tekur á virðingu fyrir fjölbreytileika og jöfnum rétti allra til farsællar skólagöngu. Í GF er einelti ekki liðið. Einstakir viðburðir efla samvinnu og samkennd, jafnréttisfræðsla er hluti af hefðbundnum námsgreinum eins og lífsleikni og samfélagsfræði. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í allri verkmennt, íþróttum, valgreinum og starfsfræðslu og nemendur hvattir til að nálgast þessi verkefni með opnum huga.

Nánari útfærsla á vöktun og eftirfylgni með kynbundnu jafnrétti meðal nemenda

- **Kynbundin og kynferðisleg áreitni.** Nemendur fá fræðslu um kynferðislegt áreiti og ofbeldi. Umræða skal vera vöktuð, haldið lifandi og nemendum skal ætíð vera ljóst hvert þeir geta leitað eftir aðstoð komi mál upp sem tengjast kynbundnu ofbeldi eða áreitni.
 - **Hvernig:** Viðhalda umræðu og vöktun með því að taka mál nemenda reglulega upp á starfsmannafundum í samstarfi við námsráðgjafa og hjúkrunarfræðing. Nemendur eru hvattir til að leita til námsráðgjafa og/eða hjúkrunarfræðings komi upp grunur um kynferðislega áreitni. Ofangreindir aðilar meta hvort málið skuli lagt fyrir nemendaverndarráð.
 - Nemendur fá fræðslu um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna.
 - **Hver:** Kennarar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, kynfræðingur.

- **Hvenær:** Samkvæmt kennsluáætlunum og þegar við á.
- **Fræðsla um jafnréttismál** (23. grein jafnréttislaga). Unnið skal samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og áherslum skólanámskrár þar sem markmið tengd jafnréttismálum eru tilgreind.
 - **Hvernig:** Sjá nánari útfærslu í aðgerðabundinni jafnréttisáætlun GF. Á síðunni www.jafnrettiiskolum.is er að finna námsefni og upplýsingar sem nýtast við kennslu.
 - **Hver:** Kennarar og skólastjóri.
 - **Hvenær:** Að hausti 2024.
- **Námsgögn.** Gæta skal þess að nota ekki námsefni gagnrýnislaust sem sýnir staðlaðar kynjaímyndir eða mismunar kynjum að einhverju leyti.
 - **Hvernig:** Kennarar leitist við að nýta sér námsefni sem samið hefur verið út frá leiðbeiningum gefnum út af Námsgagnastofnun þar sem horft er til kynjasjónarmiða. Kennarar leitist einnig við að hvetja nemendur til að skoða námefni og annað lesefni með gagnrýnum huga.
 - **Hver:** Kennarar.
 - **Hvenær:** Þegar við á.
- **Náms- og starfsfræðsla.** Nemendur skulu fá kynningu og ráðgjöf á möguleikum stúlkna og pilta á framhaldsmenntun og störfum. Hvetja skal nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni.
 - **Hvernig:** Nemendur fari í fyrirtæki á svæðinu og fái þar kynningu og fái að prófa að vinna þar. Áhugasviðsgreining stendur 10. bekkjum til boða. Verkmenntaskólinn býður 9. bekk að koma á svokallaða verknámsviku.
 - **Hver:** Náms- og starfsráðgjafi, umsjónarkennari 9. og 10. Bekkjar.
 - **Hvenær:** Skólaárið.
- **Samstarf heimilis og skóla.** Starfsfólk GF sé meðvitað að mismuna ekki foreldrum eftir kyni hvað varðar samskipti við skólann. Mikilvægt er að líta á bæði mæður og feður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.
 - **Hvernig:** Í samskiptum við heimili sé þess ávallt gætt að báðir foreldrar séu jafngildir í samstarfinu.
 - **Hver:** Skólastjórnendur og kennarar.
 - **Hvenær:** Þegar við á.

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun í GF 2021-2022

Við skoðun á almenna hluta nýrrar aðalnámskrár hafa kennarar sammælt um ákveðin sóknarfæri er snúa að jafnréttisfræðslu:

- Skoðuð verði aukin tækifæri til beinnar jafnréttisfræðslu og meðal annars notað nýútgefið efni frá Námsgagnstofnun. Má þar nefna Litli-kompás, Lifað í lýðræði, Börnin í okkar heimi. Hvort tveggja tekur á lýðræði, mannréttindum og jafnrétti.
- Sjá til þess að nemendur á unglingastigi fái reglulega fræðslu frá kyn- og kynjafræðingum.
- Bæta fjölmiðla- og tæknilæsi með jafnréttisglæraugun að leiðarljósi.
- Brýna kennara í að bjóða upp á úrvinnslu verkefna sem hentar öllum.

Að flestu mun verða unnið í vor og á næsta skólaári. Sjá nánari útfærslu og tímamörk í meðfylgjandi aðgerðaáætlun.

Stefnan byggir á lögum nr. 10/2008. Samkvæmt stefnunni þá skal koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir alla. Þess skal gætt:

- Að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttisлага.
- Að konur og karlar njóti sömu launakjara og hafi jafna möguleika á launuðum aukastörfum innan skólans.
- Að öllu starfsfólki séu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni og stöðu innan skólans og við úthlutun verkefna sé þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.
- Að skólinn geri starfsfólki sínu kleift að samræma störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða öðru fyrirkomulagi eftir því sem við verður komið.
- Að starfsfólk verði ekki fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.

Til að gæta þess að ofangreind markmið séu í heiðri höfð skulu árleg starfsmannaviðtöl notuð til að kanna líðan og skoðanir starfsmanna m.t.t. jafnréttis. Einnig að umræða um jafnréttismál sem snýr að starfsmönnum og nemendum komi inn á starfsmannafundi með reglulegum hætti, ekki sjaldnar en árlega.

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun GF – Veturinn 2021-2022

Markmið	Tilgangur	Leiðir	Ábyrgð/Umsjón	Tímabil
Símenntun í jafnréttismálum / fræðslu fyrir kennara	Fá nýja nálgun /áherslur í jafnréttismálum	Sækja námskeið sem haldin eru um jafnréttismál	Skólastjórnendur og kennarar	Vetur 2021-2022
Stofna rýnihóp um jafnrétti í GF	Að reglulega sé tekinn tími í að huga að stöðu mála með tilliti til jafnréttisstefnu skólans	Samhliða upprifjun og „vöktun“ á uppeldisstefnu skólans (UTÁ) verði staða jafnréttismála ígrunduð.	Skólastjórnendur og UTÁ hópur	Vetur 2021-2022
Bein jafnréttisfræðsla	Stuðla að beinni umræðu og ígrundun nemenda um jafnréttismál til að auka viðsýni þeirra og gagnrýna hugsun í jafnréttismálum.	Lífsleiknikennarar á öllum stigum hugi að beinni jafnréttisfræðslu með tilliti til hugmynda í t.d. „Jafnréttisritinu“ ásamt nýju námsefni og geri kennsluáætlun þar um.	Skólastjórnendur og lífsleiknikennarar	Vetur 2021-2022
Fá utanaðkomandi aðila með fræðsluerindi um jafnréttismál	Stuðla að aukinni fræðslu unglinga, starfsmanna og jafnvel foreldra um ákveðin atriði í jafnréttismálum.	Í samráði við foreldrafélag GF, fá gestafyrirlesara, fá kynjafræðing með fyrirlestur í skólann.	Skólastjórnendur og formaður foreldrafélags GF.	Vorönn 2022
Ígrundun og endurskoðun á fyrirkomulagi starfsfræðslu nemenda í GF	Fara betur yfir hvort þessi þáttur sé í samráði við jafnréttislög og greina sóknarfæri.	Fá námsráðgjafa með hópi starfsmanna til að fara yfir núverandi fyrirkomulag náms- og starfsfræðslu á unglingastigi. Gera tillögur um úrbætur	Skólastjórnendur, námsráðgjafi, kennari á unglingastigi	Vorönn 2022
Stuðla að jafnrétti í starfsmannahópnum	Tryggja jafnrétti meðal starfsmanna og að tekið sé á misfellum í því sambandi strax ef upp kemur.	Ræða jafnrétti meðal starfsmanna í starfsmannaviðtölum. Taka fyrir í innra mati /starfsmannakönnunum	Skólastjórnendur	Vetur 2021-2022
Áhersla á skóla án aðgreiningar	Jafnræði fyrir alla í námi	Taka umræðu innan skólans um hvernig verið sé að bregðast við skóla án aðgreiningar. Hvað má bæta þar?	Skólastjórnendur	Vorönn 2022

Nemendur

Í jafnréttisstefnu Fjarðabyggðar í málefnum skóla- og frístundastarfs er kveðið á um að skólastjórnendur sjái til þess að:

- unnið sé að því að jafna stöðu kynjanna og börnum og unglingum sé veitt hvatning til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna
- skólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs
- sjálfstyrking verði sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum
- náms- og starfsfræðslu verði sinnt á síðari stigum grunnskóla þar sem nemendur, óháð kyni, hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf
- námsefni mismuni ekki kynjum
- jafnréttisfræðslu sé sinnt
- nemendur verði ekki fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum

Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar eru ofangreind markmið höfð í heiðri ásamt þeim lögum og reglum varðandi jafnrétti sem fram koma í aðalnámskrá grunnskólanna.